

Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna kemur í bókaverslanir í júlí. Í bókinni er að finna nöfn kvenna sem voru frumkvöðlar á sínu sviði. Sýning á verkum íslenskra myndlistarkvenna var opnuð í Norræna húsinu á laugardaginn var í tilfni af útkomu bókarinnar.



Guðrún Dís Jónatansdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir eru ritstýrur Ártala og áfanga í sögu íslenskra kvenna, sem kemur út síðar í mánuðinum.

Fórnuðu listinni fyrir heimilið

„Þeirra mál ei talar tunga. Íslandsdætur í myndlist“ er yfirskrift sumarsýningar Norræna hússins. Þar er að finna listaverk eftir 12 íslenskar myndlistarkonur fæddar fyrir 1929. Elstu verkin eru frá seinni hluta 19. aldar og eru eftir fyrstu íslensku konurnar sem héldu utan til Kaupmannahafnar í myndlistarnám. Þóra Pétursdóttir Thoroddsen, Kristín Vídalín Jacobson og Kristín Þorvaldsdóttir komu allar úr vel stæðum borgaralegum fjölskyldum sem þótti sjálfsagt að senda dætur sínar í slíkt nám. Það var þó ekki búist við að þær leggðu myndlistina fyrir sig, náminu var fremur ætlað að auka möguleika þeirra á góðu hjónabandi. Listakonurnar eiga það allar sameiginlegt að hafa lagt myndlistina á hilluna eftir heimkomuna til að geta sinnt heimilisstörfum, enda þótti ekki viðeigandi þá að giftar konur ynnu úti.

Kenndi fyrsta atvinnumálaranum

Þóra var elst þessara kvenna, fædd 1848. Hún stofnaði teikni-skóla í Reykjavík, sem nær eingöngu var sóttur af konum. Aðeins einn karlmaður var nemandi Þóru, Þórarinn B. Þorláksson fyrsti Íslendingurinn sem gerði myndlistina að lífsstarfi. Það er því óhætt að segja að Þóra hafi haft bein og óbein áhrif á íslenska listasögu og myndmenntun í landinu.

Svípaða sögu er að segja af Kristínu Þorvaldsdóttur þótt hún hafi að verið bæði ógift og barnlaus. Hrafnhildur Schram listfræðingur sem hefur kallað þessar listakonur huldukonur segir að Kristín hafi þótt mjög efnileg. „Hún bjó úti í Þýskalandi við góðan fjárhag og var á leið til Ítalíu þegar hún var beðin um að koma heim til að taka við heimili systur sinnar, sem lést af barnsförum. Hún fór ekki út aftur til langdvalar.“

Kristín sagði ekki alveg skilið



„Við þvottalaugarnar“ eftir Kristínu Jónsdóttur.

við heim listarinnar þótt hún legði penslana á hilluna og stungi málverkum sínum upprúlluðum ofan í skúffu. „Hún stofnaði listmunaverslun við Kirkjustræti, þá fyrstu í Reykjavík. Í versluninni seldi hún silfurmuni, postulín, afsteypur af höggmyndum og eftirprentanir af málverkum. Bæði afsteypurnar og höggmyndirnar voru af þekktum verkum frægustu listamanna Endurreisnar-tímans og klassíkurrinnar, manna eins og Leonardo da Vinci og Michel-Angelo. Það má því segja að hún hafi þroskað listasmekk borgarbúa með þessum myndum.“

Kristín Vídalín Jacobson sneri hins vegar alveg baki við myndlistinni eftir giftingu og fór að sinna allt öðrum hlutum; Hún stofnaði kvenfélagið Hringsins og einbeitti sér að líknamálum.

Völdu að búa erlendis

Aðeins einni kynslóð síðar höfðu aðstæður kvenna til myndlistarnáms breyst og samkeppnisstaða þeirra batnað. Konur þurftu ekki lengur að sækja einkaskóla

heldur fengu inngöngu í lista-akademíuna í Kaupmannahöfn. Þó var ekki allur hjörnninn unninn því þær fylgdu sérstakri kennsluskrá. Það var ekki fyrr en nokkuð var liðið á 20. öldina sem þær fengu fyrst að teikna naktar fyrirsætur. Áður þótti ekki við hæfi að þær virtu of náð fyrir sér naktar fyrirsætur, sérstaklega ekki karlmenn. Þar sem myndefni málverka á þessum tíma voru oftast sögulegs- eða trúarlegs eðlis, og karlmenn í flestum aðalhlutverkum, voru verk þeirra hreinlega ekki samkeppnishæf við verk starfsbræðra þeirra.

Kristín Jónsdóttir og Júlíana Sveinsdóttir eru fæddar um 1888 og 1889 og þær náðu því báðar að lifa af myndlistinni,

fyrstar íslenskra kvenna. „Júlíana giftist aldrei,“ bendir Hrafnhildur á. „En Kristín var svo heppin að eiga skilningsríkan eiginmann sem setti sig ekki upp á móti því að hún sinnti list sinni. Á eftir þeim koma Nína Sæmundsdóttir, Gerður Helgadóttir, Nína Tryggvadóttir og Louisa Matthíasdóttir. Þær ílentust allar erlendis, líkt og Júlíana sem segir sína sögu um viðhorf þjóðfélagsins til starfs þeirra.“


Viðfangsefni elstu kvennanna mótast óneitanlega af þeim takmörkum sem þeim voru sett. „Þær völdu sér allar viðfangsefni í sínu nánasta umhverfi. Þær máluðu heimili sín, fjölskyldur og dýr. Myndefni þeirra eru innilegri en karlanna því þær fjalla aðeins um það sem þær þekkjá af eigin reynslu og telja sig geta túlkað.“ Listakonurnar sem eiga verk á sýningunni eru allar á einhvern hátt frumherjar, hver á sínu sviði; Nína Sæmundsson og Gerður Helgadótt-

Konur í brautryðjenda-störfum

Valið á listakonunum á sýningunni tengist útkomu ritsins „Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna“, sem Guðrún Dís Jónatansdóttir bókmenntafræðingur og Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur ritstýrðu. Þær sáu um að velja listakonur í ritið, en Hrafnhildur valdi verkin á sýninguna, þrjú til fjögur verk eftir hverja konu. „Ég reyni að velja verk sem gefa góða hugmynd um þeirra feril, en á sama tíma reyni ég að hugsa um heildarsvip sýningarinnar.“ Emilía M. Sigmarsdóttir sér um útlit sýningarinnar og sérstakt söguhorn sem sett hefur verið upp í horni sýningarsalarins. Þar er að finna muni sem voru í eigu elstu kvennanna.

Anna Sigurðardóttir stofnandi Kvennasögusafns Íslands lagði grunninn að Ártölum og áföngum með útgáfu samnefnds sautján síðna fjölrits árið 1976. Nýja ritið er ítarlegt 200 síðna

heimildarit um brautryðjenda-starf í sögu íslenskra kvenna frá upphafi til dagsins í dag. Í ritinu eru stuttar og laggðar upplýsingar um nöfn og atburði en síðan vísað í heimildir fyrir þá sem vilja vita meira. Heimildir um íslenskar konur er meðal annars að finna í Kvennasögusafni Íslands á 4. hæð í Þjóð-



Hrafnhildur Schram listfræðingur og Ólafur Árnason, húsvörður Norræna hússins, með málverk Kristínar Jónsdóttur af Snæfellsjökl.

ur í höggmyndalist, Barbara Árnason í vatnslitabrykki, bóka-skreytingum og ýmsum textílaðferðum, Vigdís Kristjánsdóttir og Ásgerður Búadóttir í vefjarlist, en Nína Tryggvadóttir og Louisa Matthíasdóttir í málverkinu.

arbókhöðunni. Eina útgefna heimildin sem til er um listferil „huldukvennanna“, sem Hrafnhildur Schram nefnir svo er „Aldamótakonur og íslensk listvakning“ eftir Dagnýju Heiðdal.

— MEÓ